

25

25. marz

5. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 62 23. júní 1920, fyrir rafmagn í Borgarneskaupúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 15. 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. apríl þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

26

1. apríl

REGLUR

um flokkun og merking á ull til útflutnings.

1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkist þannig:

A. Vorull:

1. fl. Hvít vorull, vel þvegin og vel þurr, þelgóð og blæfalleg, fætlingalaus, greið og illhæruhlit, laus við dökk hár, klepra, mor og sand.
2. fl. Hvít vorull, allvel þvegin og vel þurr, greið, fætlingalaus og flókalaus.
3. fl. Hvítir vorullarflókar, vel þvegnir og vel þurrir.
4. fl. Svört, mórauð og grá vorull, sem um allt nema lit, fullnægir sömu skilyrðum og 1. og 2. fl.
5. fl. Öll önnur hvít og mislit vorull, sem ekki fullnægir ofangreindum skilyrðum.

B. Haustull:

6. fl. Hvít haustull, rökuð af skinum, vel þvegin og vel þurr, fætlingalaus og skinnsneplalaus.
7. fl. Hvít haustull, rotuð af skinum, vel þvegin og vel þurr.
8. fl. Svört, mórauð og grá haustull, sem samsvarar 6. fl. að öðru leyti en lit.
9. fl. Hvít og mislit úrgangshaustull.
10. fl. Hvít haustull, óþvegin, laus við skarnsnepla, blóðskorpur og skinnsnepla.
11. fl. Öll mislit haustull óþvegin, sem að öðru leyti en lit fullnægir sömu skilyrðum og 10. flokks ull.

2. gr.

Sú ull, sem eigi er vel þurr, er ekki hæf til útflutnings, eigi heldur ull, sem ekki fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull, sem talin verður svikin verzlunarvara.

3. gr.

Merkja skal ullarsekk þannig:

Efst á hliðina sé stimplað orðið „Iceland“.

Í línu neðar sé rómversk tala, er sýni úr hvaða flokki ullin sé.

Í línu þar fyrir neðan sé skammstafað, þó ekki með færri en tveimur bókstöfum, nafn ullarseljanda.

Í línu þar fyrir neðan skal vera áframhaldandi töluröð sekkja úr hverjum flokki, svo að sjáist sekkjatala sú af hverjum flokki, sem hver einstök verzlun eða kaupfélag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar eru hér með settar, samkvæmt lögum nr. 107, 11. ágúst 1933, um ullarmat, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni frá 1. september 1926.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

ERINDISBRÉF

fyrir ullarmatsmenn.

27

1. apríl

1. gr.

Ullarmatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um verkun og þurrkun á ull, og leiknir í því, að flokka hana eftir þeim reglum, sem settar eru um ullarmat.

2. gr.

Yfirullarmatsmenn eru yfirboðarar ullarmatsmanna, hver í sínu umdæmi. Ullarmatsmennirnir meta og flokka ull til útflutnings og hafa umsjón með pökkun, útskipun og meðferð hennar á útflutningsskipunum, undir yfirumsjón yfirullarumsjónarmanna og eftir nánari fyrirskipunum þeirra.

Þeir, sem þurfa að fá ull metna, skulu tilkynna það yfirullarmatsmanni, ef enginn ullarmatsmaður er á staðnum, og tilnefnir hann þann ullarmatsmann eða ullarmatsmenn, er matið skulu framkvæma.

3. gr.

Ullarmatsmenn skulu skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirullarmatsmanna og hagnýta sér sem bezt leiðbeiningar þeirra. Sýni þeir á hinn bóginn vanrækslu eða hirðuleysi í störfum sínum við mat eða merkingu ullarinnar, hefir yfirullarmatsmaður rétt til að vikja þeim frá starfinu fyrirvaralaust.